

1869.

31. maí.

brauðunum í Hóla stípti hinu forna hefir verið safnað í sérstakan sjóð til styrks handa uppgjafaprestum í tæðu stípti, og um uppástungur yðar um, hvernig ætti að verja þessum sjóð eptirleiðis, hafið þér getið þess, að ekki verði fundið, að fengið hafi verið æðra leyfi til að stofna sjóð þenna, sem um lok fyrra árs var 687 rd. 59 sk., en að yður virðist, að heimildin fyrir honum sé fólgin í kringumstæðunum, vegna þess að árgjöldunum af hvoru stíptinu um sig, sem áður voru, var ekki steipt saman, og að stundum bar við, að enginn fátækur uppgjafaprestur átti heima í Hóla stípti, sem að eins nær yfir 4 sýslur. Þér hafið þar að auki skýrt frá, að sömuleiðis sé til sjóður, sem safnað hefir verið í, til styrks handa fátækum uppgjafaprestum í Skálholts stípti hinu forna, 269 rd. 19 sk. að upphæð, og að vöxtunum af honum sé útbýtt á ári hverju á sýnóðus fundi.

Samkvæmt þeim skilningi á 7. grein í tilskipun 15. desembermán. 1865, sem framvegis á að fylgja fram, hlýtur stjórnarráðinu að virðast samkvæmast aðalreglunni, að báðum þessum sjóðum verði steipt saman í einn sjóð, og að vöxtunum af honum verði útbýtt á ári hverju á sýnóðus fundi eptir sömu reglum og árgjöldunum af brauðunum, og ef sjóðirnir standa á vöxtum í jarðabókarsjóðnum, þá ætti, að stjórnarráðsins hyggju, heldur að kaupa fyrir þá rikisskuldabréf með 4 af 100 í leigur, því að það mundi auka árstekjurnar af þeim ekki allítið. En, áður en lengra er farið úti þetta, eruð þér beðnir, háæruverðugi herra, að veita bæði sýnóðus í sumar og próföstum í Hóla stípti hinu forna færi á að segja álit sitt um það, og senda síðan hingað öll álitsskjölin ásamt tillögum sjálfs yðar.

54. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um jarðaskipti á kirkjujörð og bændaeign.

31. maí.

Með bréfi dagsettu 5. aprílmán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, sent hingað bænarskjal frá

1869.
31. maí.

Kristjáni bónda Kröyer, leiguliða á Hvanná, eign Hofteigs brauðs í Norðurmúlasýslu; sækir hann þar um, að fá jörð þessa til eignar í jarðaskiptum fyrir jörðina Stóra-Bakka í Tungusveit í sömu sýslu og 1000 rd. milligjöf, og hafð þær skotið þessu til úrskurðar stjórnarráðsins.

Um þetta skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar, og til þess að þær kunngjörð það, að beiðandanum verður ekki veitt það, sem hann sækir um.

25. júní.

55. Almenn hegningarlög handa Íslandi.

Vær Kristján hinn Níundi o. s. frv. Gjörum kunnugt: Eptir að Vær höfum meðtekið þegnlegt álitsskjal Vørs trúa alþingis um frumvarp, sem fyrir það hefir verið lagt, til almennra hegningarlaga handa Íslandi, bjóðum Vær og skipum fyrir á þessa leið:

Fyrsti kapítuli.

Ákvarðanir til inngangs.

1. grein.

Eigi skal hegna neinum manni eptir lögum þessum, utan hann hafi orðið brotlegur í einhverju því, sem hegning er lögð við í lögnum, eða er öldungis samkynja einhverju því verki, sem þar er afbrot talið.

2. grein.

Lögin eiga við um öll þau afbrot, sem framin eru á Íslandi, án þess tillit sè haft til þess, hvar sá á heima, sem valdur er að verkinu.

3. grein.

Einnig skal refsað eptir lögum þessum fyrir afbrot, sem drýgð eru á skipum, er eiga heima á Íslandi, nema því að eins að skipið sè þar á sjó, sem hegningarlög einhvers annars lands ná til.